66 9. júlí

Reglugjörð

um breytingar á reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar 3. júlí 1895.

Amtsráðið í Suðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um breytingar á Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, 3. júlí 1895, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1901.

18. grein verði þannig:

Hreppsnefndin boði með fjallseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallsöfn, hvernig leitum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitar rjettir. Að afloknu fyrsta fjallsafni skal rjettað í Þingvallahreppi mánudaginn í 22. viku sumars, í Selvogshreppi miðvikudaginn, í Grímsneshreppi þriðjudaginn, í Biskupstungahreppi miðvikudaginn í sömu viku, og í Ölfus- og Grafningshreppum fimmtudaginn næsta á eptir. Heimilt er Grafningsmönnum að draga fje sitt úr mánudaginn áður að Nesjavöllum. Úrganginn úr Selvogi taki Ölfusmenn, og rjetti honum hjá sjer í Hveragerði daginn eptir.

27. grein verði þannig:

Eptirleitir og byggðasöfn skulu fara fram svo tímanlega, að skilarjett verði haldin fyrir Selvogshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. viku sumars; fyrir Ölfus- og Grafningshreppa í Hveragerðisrjett: 1. föstudaginn í 24. viku sumars, 2. föstudaginn í 26. viku sumars; fyrir Þingvallahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars; fyrir Grímsneshrepp: 1. fimmtudaginn í 24. viku sumars, 2. fimmtudaginn í 26. viku sumars; fyrir Biskupstungnahrepp: 1. þriðjudaginn í 23. viku sumars, 2. þriðjudaginn í 25. viku sumars, og 3. föstudaginn í 27. viku sumars.

35. grein verði þannig:

Til næstu veturnótta á eptir á eigandi aðgang að söluverði hverrar kindar, en borgi allan löglega áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfellur andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilafjeð er selt, þó þannig, að Ölfushreppur fái tvo þriðju hluta móti Grafningshreppi. Hvað hross áhrærir, hefir eigandi rjett til fardaga næstu eptir, að helga sjer þau, og fá annaðhvort verð þeirra, eða þau sjálf afhent, móti því að borga allan áfallinn kostnað.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 9. júlí 1901.

J. Havsteen.